

LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2011

REKSTRARREIKNINGUR 2011



Skýrsla stjórnar Landgræðslusjóðs til aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2012

Landgræðslusjóður er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 og skipulagsskrá sem staðfest var af þáverandi Dóms- og kirkjumálaráðuneyti í desember árið 2001.

Að afloknum hverjum aðalfundi kýs stjórn Skógræktarfélags Íslands þrjá einstaklinga úr hópi stjórnarmanna félagsins til setu í stjórn Landgræðslusjóðs. Engin breyting var gerð á stjórn sjóðsins á s.l. ári, en hana skipa Magnús Gunnarsson, Þuríður Yngvadóttir og Guðbrandur Brynjúlfsson úr stjórn Skógræktarfélags Íslands og að auki sitja í stjórninni, skógræktarstjóri, Jón Loftsson og landgræðslustjóri, Sveinn Runólfsson. Verkaskipting var einnig óbreytt, þ.e. Guðbrandur var kosinn formaður stjórnar og Jón Loftsson varaformaður. Stjórn Landgræðslusjóðs fundar þegar þurfa þykir og voru þrjár stjórnarfundir haldnar á starfsárinu.

Ársreikningur fyrir árið 2011, ásamt endurskoðunarskýrslu, var unninn af útibúi KPMG ehf í Borgarnesi. Helztu lykiltölur úr ársreikningnum eru þær að skv. rekstrarreikningi námu tekjur umfram gjöld 9,1 millj. kr. Útgreiddir styrkir skv. skipulagsskrá voru 10 millj. og styrkveitingar af arfi eftir Hjálmar R. Bárðarson 14 millj. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru 38.4 millj. Eigið fé sjóðsins í lok árs 2011 var 363.7 millj. og hækkaði um 9 millj. milli ára. Fasteignir Landgræðslusjóðs voru bókfærðar á fasteignamatsverði og var bókfært verðmæti þeirra 21.5 millj kr í árslok 2011. Að öðru leyti en hér greinir vísast til ársreiknings sjóðsins. Fasteignir sjóðsins eru þær sömu og mörg undanfarin ár, eða þessar:

Skúlatún 6 í Reykjavík, önnur hæð, að hálfu.

Ingunnarstaðir og Hrísakot í Brynjudal að ¼ hlutum og jörðin Langibotn í Geirþjófsfirði í Vesturbyggð.

Í fundargerðum sjóðsstjórnar frá því rétt fyrir og um seinustu aldamót eru bókaðar umræður um hugsanlega sölu á Langabotni og einhverjar viðræður áttu sér stað við Vesturbyggð um málið svo og afkomendur seinasta ábúanda á jörðinni. Núverandi stjórn, sem verið hefur óbreytt frá því á haustdögum 2003, ræddi framtíð jarðarinnar á stjórnarfundum árið 2004 og var það einróma álit hennar þá að setja jörðina ekki á sölu, en reyna að tryggja að umferð ferðamanna, sem ávallt er þónokkur í Geirþjófsfirði, sé í sem beztri sátt við náttúru fjarðarins og sögulegar minjar. Í því sambandi var sett ákvæði í endurnýjaðan leigusamning um gamla íbúðarhúsið að leiutakar þess, sem eru afkomendur Magnúsar Kristjánssonar seinasta ábúanda í Langabotni, hefðu á hendi eftirlit með umgengni um jörðina. Jafnframt var gerður formlegur samningur við ferðaþjónustufyrirtæki á Bíldudal um afnot af jörðinni og sér viðkomandi aðili um viðhald göngustíga og hreinsun á rusli. Stjórn sjóðsins er ekki kunnugt um annað en að umgengni ferðamanna um jörðina sé í vel ásættanlegu horfi.

Þrátt fyrir það sem að hér er sagt, og snýr að fortíð og nútíð, er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að stjórn sjóðsins velti öðru hvoru fyrir sér tilgangi og markmiðum Landgræðslusjóðs með eignarhaldi á þessari jörð þegar til framtíðar er litið. Tekjur sjóðsins af jörðinni hafa engar verið fram að þessu, en kostnaður heldur ekki umtalsverður.

Á vordögum yfirstandandi árs var endurnýjaður lóðarleigusamningur við eigendur sumarbústaðar í landi Langabotns til 20 ára, lóðin teiknuð inn á loftmynd og hnitsett. Leigutakar lóðarinnar munu greiða hóflegt endurgjald fyrir hana og er það nýmæli frá eldri samningi.

Úthlutun styrkja í ár fór fram á stjórnarfundi 23. maí s.l. Umsóknir um styrki bárust frá Skógræktarfélagi Íslands og 18 héraðsskógræktarfélagum og að auki tveimur öðrum aðilum, samtals að fjárhæð kr. 23.890 þús. Allar umsóknirnar reyndust uppfylla skilyrði og reglur sjóðsins um styrkveitingar. Úthlutað var til allra umsækjenda, samtals kr. 16.150.000.- Að venju er um margháttað verkefni að ræða hjá skógræktarfélagunum, en bætt aðgengi að skógum félaganna með grisjun, stígagerð, merkingum og fleiru eru helztu verkefnin. Samanlagðar styrkúthlutanir frá árinu 2001, er núverandi fyrirkomulagi á rekstri sjóðsins og starfsemi var komið á, eru orðnar 87.7 millj. króna. Þá eru ekki meðtaldar ráðstafanir á erfðafé sem sjóðnum hefur áskotnast til sérstakra verkefna á nefndu árabili.

Ávöxtun á fjármunum Landgræðslusjóðs var ágæt á s.l. ári, þótt ekki hafi horft vel um þetta leyti í fyrra, eins og kom fram í skýrslu til aðalfundar 2011. Nafnávöxtun var 12.6%, verðbótaþáttur vaxta var 5.23% og raunávöxtun því 7.37% Það sem af er yfirstandandi ári hefur nafnávöxtun verið um 5.4% miðað við ársgrundvöll. Sjóðurinn er með fjárvörzlusamning við Arionbanka eins og mörg undanfarin ár.

Rétt er að geta þess að í desember s.l. veitti Landgræðslusjóður Skógræktarfélagi Íslands lán að fjárhæð 87.5 millj. króna til að fjármagna kaup á jörðinni Úlfjótuvatni í Grafningi. Lánið er til 25 ára.

Minningarsjóði um Hjálmar R. Bárðarson og Else S. Bárðarson var gerð all ítarleg skil í skýrslu til aðalfundar S.Í. í fyrra, tilurð hans og tilgangi. Þó skal áréttað að sjóðurinn er stofnaður af Landgræðslu ríkisins og Landgræðslusjóði með 20 millj. króna framlagi frá hvorum aðila af arfi eftir Hjálmar og Else. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun að forminu til og á að starfa í 10 ár, en þá verður stofnféð, ásamt vöxtum, uppuríð. Tilgangur sjóðsins og markmið er að styrkja rannsóknaverkefni í landgræðslu og skógrækt á Íslandi með sérstakri áherzlu á vistfræði lúpínu og landgræðsluskógrækt með lúpínu.

Árið 2012 er annað starfsár sjóðsins. Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr honum í nóvember s.l. og bárust þrjár umsóknir að þessu sinni.

Tvær þeirra uppfylltu skilyrði skipulagsskrár og úthlutunarreglna sjóðsins, að mati stjórnar, og fengu úthlutað styrkjum, en einni var hafnað.

Annað verkefnið, sem styrkt var í ár, ber heitið **Skordýrabeit í landgræðsluskógum og lúpínubreiðum** og hlaut það einnig styrk í fyrra, en hitt verkefnið ber heitið **Kortlagning Alaskalúpínu á Íslandi**. Styrkfjárhæðir voru samanlagðar kr. 5.090.000.- .

Önnur ráðstöfun á arfinum eftir Hjálmar og Else Bárðarson er sú að Landgræðslusjóður kostaði landgræðsluskógaverkefni á Ássandi í Kelduhverfi á vegum Landgræðslu ríkisins og við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði á vegum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, samkvæmt stjórnarsamþykkt frá s.l. ári og samningum sem gerðir voru við þessa aðila um ræktunarverkefni. Framkvæmdum á Ássandi lauk í fyrra og í sumar á svæðinu við Hvaleyrarvatn. Á báðum þessum svæðum voru Hjálmar og Else reistir minnisvarðar sem vottur virðingar og þakklætis fyrir veittan arf. Kostnaður Landgræðslusjóðs við framangreind verkefni eru rúml 18 millj. króna.

Þá var samþykkt á stjórnarfundi s.l. vor að styrkja hliðstætt landgræðsluskógaverkefni í Þjórsárdal, á vegum Skógræktar ríkisins, með fjögurra milljóna kr. framlagi á þessu ári. Þar verður einnig komið upp minningarlundu með minnisvarða um þau hjónin. Viðkomandi landsvæði er í eigu Skógræktar ríkisins. Þegar greitt hefur verið út úr sjóðnum til Skógræktar ríkisins skv. framansögðu verður óráðstafað af arfinum um það bil 40 millj. króna.

Eins og segir í upphafi þessarar skýrslu er núgildandi skipulagsskrá Landgræðslusjóðs frá árinu 2001, en þá voru gerðar á henni nokkrar breytingar. Engin umræða hefur verið í stjórn sjóðsins síðan um að breyta henni frekar. Það þýðir hins vegar engan veginn að ekki sé bæði rétt og skylt að staldra öðru hvoru við, líta yfir farinn veg og reyna að meta hvort gildandi fyrirkomulag á starfsemi sjóðsins hafi þjónað tilgangi hans og markmiðum á viðunandi hátt og um leið að líta til framtíðar með það í huga hvort ástæða sé til að endurskoða starfsemi hans.

Samfélag okkar er stöðugum breytingum undirorpið,- kynslóðir koma og kynslóðir fara, ný áhugamál skjóta rótum og ný viðfangsefni er við að fást. Þess vegna er svo mikilvægt að allir, einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir staðni ekki, heldur nýti til jákvæðrar þróunar og þroska hina sívirknu auðlind sem skapandi, gagnrýnin hugsun er.

Ef skógræktarfélagin í landinu vilja koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um starfsemi sjóðsins, hvort heldur er í nútíð eða framtíð, er aðalfundur S.Í. rétti vettvangurinn til að reifa og ræða þau mál.

Að lokum vil ég, f.h. Landgræðslusjóðs, færa skógræktarfélagunum í landinu beztu þakkir fyrir ánægjuleg samskipti á árinu, einnig stjórn og starfsfólki Skógræktarfélags Íslands. Aðalfundinum óska ég velfarnaðar í störfum sínum.

Brúarlandi, Mýrum 14. ágúst 2012

Guðbrandur Brynjúlfsson